

Ár 2014, fimmtudaginn 30. janúar 2014, er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands kærumál nr. 4/2013

**Þór Akureyri, unglingaráð í handbolta
gegn
Handknattsleiksdeild ÍBV
og
Handknattleikssambandi Íslands (HSÍ)**

Málið dæmir Smári Hilmarsson.

Mál þetta er höfðað og þingfest með kæru dagsettri 6. desember 2013 sem móttekin var á skrifstofu HSÍ þann sama dag kl. 13:15. Þann 30. janúar er málið tekið til meðferðar og dæmt.

Kæran var móttekin á skrifstofu HSÍ þann 6. des. 2013 eins og áður segir. Málið var ekki tilkynnt til Dómstóls HSÍ fyrr en skömmu fyrir júl 2013 þar sem reynt var að ná sáttum í málinu með milligöngu HSÍ.

Þær tilraunir báru ekki árangur. Þann 3. janúar úthlutaði formaður Dómstóls HSÍ undirrituðum málið til meðferðar. Málsmeðferðin í upphafi máls er því ekki skv. lögum um dómstól HSÍ, með vísan til 37. greinar laga um HSÍ. Í ljósi þess hvernig mál þróuðust eftir að kæra barst er horft fram hjá göllum í málsmeðferðinni sem ekki eru á ábyrgð kæranda.

Dómari óskaði eftir fyllri kæru með rökstuðningi frá kæranda sem barst þann 20.01 2014. Fengu kærðu afrit af kærinni til andsvara og barst greinargerð frá ÍBV þann 24. janúar. HSÍ ákvað að senda ekki inn greinargerð.

Aðilar samþykktu að málið yrði skriflega flutt og dæmt þannig.

Kröfugerð kærunnar er á þá leið að þeirri niðurstöðu að dæma ÍBV 5-0 sigur í leik verði hnekkt og leikurinn spilaður. Í efni kærunnar er tekið fram að um sé að ræða kæru til dómstóls HSÍ vegna niðurstöðu mótanefndar vegna leiks ÍBV og Þórs í 4. flokki karla yngri þann 30. nóvember.

Virðist sem mótanefnd HSÍ hafi úrskurðað um úrslit leiksins á þennan hátt þar sem Þór mætti ekki til leiks. Engin gögn hafa verið lögð fram varðandi þann úrskurð, né afrit af gögnun sem félagin virðast hafa lagt fyrir mótanefndina af þessu tilefni. Liggja því ekki fyrir gögn varðandi þennan þátt málsins.

Þór kýs í máli þessu að beina kæru sinni að ÍBV og HSÍ til vara, en ekki gegn mótanefnd HSÍ.

Kærandi vísar til 13. greinar reglugerðar HSÍ um handkn.mót máli sínu til stuðnings, en þar kemur fram að mótanefnd geti frestað leikjum ef upp koma þær aðstæður að leikur eða leikir geti ekki farið fram svo sem vegna óveðurs, sjúkdóma eða annarra veigamikilla ástæðna. Ber félagi að tilkynna mótanefnd án tafar ef félag telur ástæðu til að fresta leik sem tekur þá ákvörðun um hvort leik skuli frestað og tilkynnir hlutaðeigandi aðilum eins og segir í 13. grein.

Af gögnum málsins er ekki séð að kærandi hafi tilkynnt mótanefnd HSÍ um þá afstöðu sína að leikurinn gæti ekki farið fram vegna veðurs. Mótanefnd hefur því ekki getað metið hvort aðstæður væru slíkar sem í 13. grein segir og tilkynnt aðilum hvort leikurn ætti að fara fram eða ekki. Í gögnum málsins kemur fram að siglt var frá Þorlákshöfn þann dags sem leikurinn var settur á, en að kærandi hafi ekki viljað mæta til leiks nema siglt yrði frá Landeyjarhöfn, en svo virðist sem kærandi hafi skipulagt ferðir sínar og leiki þessa helgi með þetta í huga. Virðist sem ferðaplanið hafi ekki getað gengið upp nema að siglt yrði frá Landeyjarhöfn.

Málsástæður Þór í kæru byggjast á því að upp hafi komið misskilningur milli yfirþjálfara Þórs og starfsmanns HSÍ sem hafi leitt til þess að ekki var haft samband við ÍBV sem ekki hafi viljað fresta leiknum þar sem fyrivari hafi verið of skammur þegar þeim barst beiðni um frestun. Í gögnum málsins fara aðilar yfir málsatvik og lýsa hvor sinni hlið málsins.

Niðurstaða:

Það er mat dómsins að mál þetta snúist um túlkun á 13. grein reglugerðar HSÍ um handkn. mót.

Ljóst er að kærandi fór ekki fram á frest við mótanefnd HSÍ heldur beindi beiðni sinni eða ósk um frestun til starfsmanna HSÍ. Þá er ljóst að við túlkun á því ákvæði er varðar frestun vegna óveðurs að það mat liggur hjá mótanefndinni. Í málinu hefur komið fram að siglt var frá Þorlákshöfn þennan dag. Hefði kærandi lagt fram ósk um frestun við mótanefndin á þeim rökum að óveður hamlaði leik eru allar líkur á að mótanefndin hefði hafnað slíkri beiðni.

Það er mat dómsins að gera verði strangar kröfur við mat á aðstæðum þegar farið er fram á frestun leikja með vísan til þess að óveður hamli leikjum, þ.e. að fullnægjandi ástæður verða að vera fyrir hendi svo mótanefnd fresti leikjum vegna óveðurs. Það

að ekki sé siglt frá Landeyjarhöfn heldur frá Þorlákshöfn getur ekki talist fullnægjandi ástæða fyrir frestun leiks vegna veðurs.

Almennt hljóta lið og mótanefnd að hafa það að markmiði að fresta leikjum séu ástæður að baki og sé slíkt gert með nægum fyrirvara.

Hvernig sem á málið er litið er ekki séð að kærandi hafi sett fram nægjanleg rök fyrir því að fresta hefði átt leiknum né hefur kærandi sett fram nægjanleg rök á þann veg að málsmeðferð af hálfu HSÍ hafi verið ósanngjörn.

Kærandi verður að bera hallann af því að hafa ekki staðið þannig að málum að fullnægjandi sé hvað varðar ósk um frestun. Kærandi hefði átt að beina beiðni sinni til mótanefndar HSÍ eða að óska eftir því með nægum fyrirvara að leiknum yrði frestað með samkomulagi aðila ef forsendur kæranda varðandi leikjauppsetningu sína og ferðalög þessa helgi hefðu brostið. Ekki er hægt að gera það að forsendu fyrir að spila leik að siglt sé frá einum stað en ekki öðrum án þess að fá fyrirfram samþykki gagnaðila eða mótanefndar HSÍ fyrir slíkum sérstökum forsendum.

Misskilningur getur ekki talist forsenda þess að leikur sé ekki spilaður eða að hann sé leikinn aftur. Fyrir því eru engin lagarök. Hallan af slíkum misskilningi er alfarið kæranda að bera þar sem honum var í lófa lagið að standa betur að beiðni sinni um breytingu á leiktíma ef þær sérstöku forsendur sem hann byggði ferðalag sitt á hefðu brugðist sem raunin varð á.

Dómstóll HSÍ telur því að mótanefndin hafi staðið eðlilega að málum þegar ÍBV var dæmdur 5-0 sigur í leiknum.

Eðlilegt hefði verið að kærandi hefði kært úrskurð mótanefndar og beint kærinni að nefndinni, en ekki að ÍBV. Dómurinn ákveður að horfa fram hjá þessum vanköntum og dæma málið samt sem áður á grundvelli þeirra gagna sem fram hafa verið lögð.

DÓMSORÐ:

Hafnað er kröfu Þórs Akureyri, unglíngaráðs í handbolta þess efnis að niðurstöðu mótanefndar að dæma ÍBV 5-0 sigur í leik liðanna í 4. flokki karla yngri sem leika átti þann 30. nóvember 2013, verði hnekkkt.

sign

Smári Hilmarsson